

Nd.

186. Breytingartillaga

[81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen, Áki Jakobsson, Sigurður Ágústsson.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.